

**140. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
15. september 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Þórður Guðjónsson varamaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ragnheiður Ásta Brynjólfssdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2008210 - Áhrif FL kjarasamninga á starfsemi leikskóla**

Lagt fram minnisblað um kostnað við afleysingu vegna undirbúningstíma í leikskólum á Akranesi.

Þórður Guðjónsson varamaður situr fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda leikskóla, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskóla, Ragnheiður Ásta Brynjólfssdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla og Kristjana Ólafsdóttir verkefnastjóri á fjármálasviði sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð óskar eftir gerð viðauka við bæjarráð að upphæð kr. 5.586.603 vegna launakostnaðar vegna aukins undirbúningstíma í nýjum kjarasamning Félag leikskólakennara. Einnig er óskað eftir að tekið verði tillit til breytinganna við fjárhagsáætlunargerð 2021.

Anney, Salbjörg og Ragnheiður víkja af fundi.

**2. 1902095 - Starfshópur um framtíðarskipulag mótneytismála**

Kynning á stöðu vinnu starfshóps um framtíðarskipulag í mótneytismálum.

Kristjana situr áfram undir þessum lið. Ólöf Linda Ólafsdóttir og Liv Aase Skarstad koma inn á fundinn.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu.

Kristjana, Ólöf og Liv víkja af fundi.

**3. 2005060 - Jafnlaunavottun - úttekt**

Jafnlaunastefna Akraneskaupstaðar lögð fram til samþykktar.

Steinar Adolfsson sviðsstjóri fjármálasviðs kemur inn á fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar með

athugasemdum.

Steinar víkur af fundi.

**4. 2009089 - Sérfræðipjónusta leik- og grunnskóla 2020-2021**

Kynning á fyrirkomulagi sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla 2020-2021.

**5. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur**

Erindisbréf lagt fram til kynningar.

Skóla- og frístundaráð samþykkir erindisbréfið.

**6. 2009085 - Bæjarstjórn unga fólksins 2020**

Tillaga að dagsetningu fyrir bæjarstjórnarfund unga fólksins.

Tillagan að bæjarstjórnarfundur unga fólksins verði 17. nóvemeber 2020 er samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.

Bára Þáðóttir  
Ragnar Scamundsson